

AUGLÝSING**um hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík.**

Ráðuneytið hefur staðfest hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík fyrir árið 1978. Mun leigan nema kr. 1 200 pr. tunnu og gildir fyrir árið 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING**um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.**

Einstakir miðar, fullorðnir	kr. 180
Einstakir miðar, börn	— 70
10 mið kort, fullorðnir	— 1 200
10 miða kort, börn	— 400
Gufuböð	— 350
Leiga á handklæðum og skýlum	— 150
Sundnámskeið, fullorðnir	— 4 000
Sundnámskeið, börn	— 3 000
Íþróttafél. 16 ára og eldri, 10 miða kort	— 400
Íþróttafél. yngri en 16 ára	— 250
Aldraðir, 67 ára og eldri, 10 miða kort	— 600
Börn innan 5 ára í fylgd fullorðinna	ókeypis
Öryrkjar skv. ráði trúnaðarlækna	ókeypis

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 233 1. júní 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á húsagötu Háaleitisbrautar frá norðvestri til suðausturs.
2. Bannað verður að leggja bifreiðum í Ármúla norðan megin götunnar á milli Vegmúla og Grensásvegur.